

Umhverfisstofnun
Áb. SF
19 SEPT. 2004
54.52
REF. UST20040900006

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Soil Agency of Iceland

Suburbanbraut 24
150 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

9. september 2004

Tilvísun: UST20040900006/sf

Eyjafjarðarbraut eystri um Möðruvelli. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 30. ágúst sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Framkvæmdin felst í færslu Eyjafjarðarbrautar eystri hjá Möðruvöllum um 400 m til vesturs. Nýbygging vegar er um 1 km, auk vegtenginga. Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem framkvæmdasvæðið er innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum.

Náttúrufar og náttúruminjar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki innan náttúruverndarsvæðis skv. skilgreiningu 3. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila er þar heldur ekki að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á náttúruafari vegna framkvæmdarinnar en framkvæmdasvæðið liggur að mestu leyti um ræktað land og hálfgróna mela. Umhverfisstofnun telur því ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg áhrif á gróður, fuglalíf eða jarðmyndanir.

Efnistaka

Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila er áætluð efnishöfð í verkið um 16.050 m³. Fram kemur að efnið verður að mestu tekið úr hönnuðum og útvíkkuðum skeringum og gömlum vegabútum sem fjarlægðir verða. Efni í bráðabirgðamalarslitlag verður tekið úr efnishaugum við Gullbrekku.


Umhverfisstofnun bendir á að ekki er skilgreint hvað átt er við með útvíkkuðum skeringum, en í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að á milli stöðva 9540-9660 annars vegar og 9700-9760 hins vegar verði alldjúpar og víðáttumiklar skeringar í tún, melbrúnir og melhóla. Að mati stofnunarinnar verður að líta á svokallaðar útvíkkaðar skeringar sem efnistökusvæði og því rétt að þær skeringar verði mældar upp og lögð fram áætlun um frágang skeringa eins og um námur væri að ræða, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að allur frágangur verði í samráði við eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að hafa ber samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar.

Niðurstaða

Með hliðsjón af umfangi og staðsetningu framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt,


Sigurros Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs